

S A M Þ Y K K T

Veidifélags Skagafjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Skagafjarðar. Heimili þess og varnarþing er að Stóru Ökrum.

2. gr.

Félagið starfar í deildum, og nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Héraðsvatna, sem hér segir:

Ás I, Ás II, Beingarður, Egg I, Egg II, Eyhildarholt I, Eyhildarholt II, Eyhildarholt III, Garður, Hamar, Helluland, Hróarsdalur I, Hróarsdalur II, Hróarsdalur III, Kárastaðir, Keldudalur, Keta, Ríp I, Ríp II, Ríp III, Utanverðunes, Lón, Vatnsleysa, Hofstaðasel, Hofstaðir, Ytri-Hofdalir, Syðri-Hofdalir, Ytri-Brekkur, Syðri-Brekkur, Framnes, Þverá I, Þverá II, Frostastaðir I, Frostastaðir II, Frostastaðir III, Frostastaðir IV, Hjaltastaðir, Hjalli, Flugumýri, Réttarholt, Mið-Grund, Syðsta-Grund, Stóru-Akrar I, Stóru-Akrar II, Djúpidalur, Littidalur, Minni-Akrar, Höskuldsstaðir, Miðhús, Þorleifsstaðir, Grundarkot, Hrólfssstaðir, Miklibær, Víkurkot, Víðvellir, Ásgarður, Hella, Miðsitja, Sólheimar, Sólheimagerði, Sunnhvoll, Úlfsstaðir, Kúskerpi, Uppsalir, Bóla, Silfrastaðir, Ytri-Kot, Fremri-Kot, Borgargerði, Egilsá, Tungukot, Flatatunga, Tyrtingstaðir, Kelduland, Laugardalur, Héraðsdalur, Stapi, Steinsstaðir, Reykir, Vindheimar, Stokkhólmi, Þorsteinsstaðir, Lýtingsstaðir, Tunguhlíð, Teigakot, Tunguháls, Villinganes, Vallanes, Vellir, Sólvellir, Syðri-Húsabakki, Ytri-Húsabakki, Kjartansstaðir, Kjartansstaðakot, Páfastaðir, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri, Holtsmúli, Reynistaður, Ögmundarstaðir, Vík, Útvík, Pyttagerði I, Pyttagerði II, Grænhóll, Sjávarborg I, Sjávarborg II, Sjávarborg III, Víkurlundur, Borgargerði, Messuholt, Kimbastaðir, Lyngholt, Bergsstaðir, Gil, Birkihlíð, Glæsibær, Gýgjarhóll, Hafsteinsstaðir, Geirmundarstaðir, Þröm, Dúkur, Varmaland, Hóll, Hjallaland, Bessastaðir, Fosshóll, Elivogur, Sólheimar, Auðnir, Dæli, Skarðsá, Íbishóll, Fjall, Stóra-Vatnsskarð, Daufá, Saurbær, Laufás, Brenniborg, Borgarey, Krithóll, Álftagerði, Viðmelur, Húsey, Brekka, Reykjarhóll, Lauftún, Langamýri, Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Krossanes, Geldingarholt, Holtskot, Garðshús, Halldórsstaðir, Glaumbær, Hátún, Mikligarður, Jaðar, Marbæli, Laugaból, Laugarhvammur, Merkigarður, Hvammhóll, Hafgrímsstaðir, Brúnastaðir I, Brúnastaðir II, Stórhóll, Borgarfell, Stekkjarholt, Árnes, Sveinsstaðir, Hóll, Breið, Breiðagerði, Ánastaðir, Ytri-Svartárdalur, Miðdalur, Fremri-Svartárdalur, Ölduhryggur, Miðvellir, Grímsstaðir, Írafell, Gilhagi, Korná, Sölvanes, Hamrar, Hamrahlíð, Starrastaðir, Mælifell, Reiðholt, Hvíteyrar, Nautabú, Steintún, Fitjar, Reykjaborg, Laugabakkar, Reykjavellir, Birgisskarð, Bjarnastaðahlíð, Littlahlíð, Giljar, Hof, Hofsvellir, Vesturhlíð, Goðdalir, Hverhólar, Dorljótsstaðir, Lambatungur, Runa, Bakkakot, Bústaðir I, Bústaðir II, Skatastaðir I, Skatastaðir II, Ábær, Merkigil, Gilsbakki, Stekkjarflatir, Upprekstrarfélag Akrahrepps, Upprekstrarfélag Hofsafréttar, Upprekstrarfélag Eyvindarstaðarheiðar, Reitur, Syðra-Skörðugil.

1. Sæmundarárdeild, um Sæmundará og vatnasvæði hennar.

Stóra-Vatnsskarð, Brekka, Fjall, Íbishóll, Grófargil, Brautarholt, Skarðsá, Stóra-Seyla, Dæli, Auðnir, Sólheimar, Elivogur, Fosshóll, Bessastaðir, Hjallaland, Hóll, Varmaland, Dúkur, Þröm, Geirmundarstaðir, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri, Holtsmúli, Reynistaður, Hafsteinsstaðir, Gýgjarhóll, Ögmundarstaðir, Vík, Útvík, Glæsibær, Birkihlíð, Gil, Bergstaðir, Lyngholt, Kimbastaðir, Messuholt, Sjávarborg I, Sjávarborg II, Sjávarborg III, Grænhóll, Syðra-Skörðugil.

2. Húseyjarkvíslardeild, um Húseyjarkvísl og vatnasvæði hennar.

Reykir, Reykjavellir, Daufá, Vindheimar, Saurbær, Laufás, Brenniborg, Borgar-ey, Kríthóll, Álftagerði, Viðimelur, Húsey, Brekka, Reykjarhóll, Lauftún, Langamýri, Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Krossanes, Geldingarholt, Holtskot, Garðshús, Halldórsstaðir, Glaumbær, Hátún, Mikligarður, Jaðar, Marbæli, Kjartansstaðir, Kjartansstaðakot, Páfastaðir, Litla-Gröf, Stóra-Gröf syðri, Ytri-Húsabakki, Syðri-Húsabakki.

3. Svartárdeild, um Svartá ofan Reykjafoss, og vatnasvæði hennar.

Reykir, Laugaból, Laugarhvanimmur, Merkigarður, Hvammhóll, Hafgrímsstaðir, Brúnastaðir I, Brúnastaðir II, Þorsteinsstaðir, Stórhóll, Borgarfell, Stekkjarholt, Árnes, Sveinsstaðir, Hóll, Breið, Breiðagerði, Ánastaðir, Ytri-Svartárdalur, Miðdalur, Fremri-Svartárdalur, Öldubryggur, Miðvellir, Grímsstaðir, Írafell, Gilhagi, Korná, Sólvanes, Hamrar, Hamrahlíð, Starrastaðir, Mælifell, Reiðholt, Hvíteyrar, Nautabú, Steintún, Fitjar, Reykjaborg, Laugabakkar, Reykjavellir.

4. Jökulsárdeild eystri, um Austari-Jökulsá og vatnasvæði hennar.

Stekkjjarflatir, Gilsbakki, Merkigil, Ábær, Skatastaðir I, Skatastaðir II, Bústaðir I, Bústaðir II, Bakkakot, Upprekstrarfélag Hofsafréttar, Upprekstrarfélag Akrahrepps.

5. Jökulsárdeild vestari, um Vestari-Jökulsá og vatnasvæði hennar.

Bakkakot, Birgisskarð, Bjarnastaðahlíð, Hofsvellir, Goðdalir, Hverhólar, Tunguháls, Upprekstrarfélag Hofsafréttar, Upprekstrarfélag Eyvindarstaðarheiðar.

6. Hofsardeild, um Hofsa og vatnasvæði hennar.

Bjarnastaðahlíð, Litlahlíð, Giljar, Hof, Hofsvellir, Vesturhlíð, Þorljótsstaðir, Lambatungur, Runa, Reitur, Upprekstrarfélag Hofsafréttar.

7. Norðurárdeild, um Norðurá og vatnasvæði hennar.

Fremri-Kot, Ytri-Kot, Borgargerði, Egilsá, Flatartunga, Tungukot, Silfrastaðir, Bóla, Uppsálar, Úlfsstaðir, Viðivellir, Upprekstrarfélag Akrahrepps.

8. Héraðsvatnadeild, um Héraðsvötn frá rótum Jökulsáanna til sjávar ásamt tilheyrandi þverám.

Ás I, Ás II, Beingarður, Egg I, Egg II, Eyhildarholt I, Eyhildarholt II, Eyhildarholt III, Garður, Hamar, Helluland, Hróarsdalur I, Hróarsdalur II, Hróarsdalur III, Kárastaðir, Keldudalur, Keta, Ríp I, Ríp II, Ríp III, Utanverðunes, Lón, Vatnsleysa, Hofstaðasel, Hofstaðir, Ytri-Hofdalir, Syðri-Hofdalir, Ytri-Brekkur, Syðri-Brekkur, Framnes, Þverá I, Þverá II, Frostastaðir I, Frostastaðir II, Frostastaðir III, Frostastaðir IV, Hjaltastaðir, Hjalli, Flugumýri, Réttarholt, Mið-Grund, Syðsta-Grund, Stóru-Akrar I, Stóru-Akrar II, Djúpidalur, Litlidalur, Minni-Akrar, Höskuldsstaðir, Miðhús, Þorleifsstaðir, Grundarkot, Hrólfsstaðir, Miklibær, Víkurkot, Viðivellir, Ásgarður, Hella, Miðsilja, Sólheimar, Sólheimagerði, Sunnuhvoll, Úlfsstaðir, Kúskerpi, Uppsálar, Bóla, Silfrastaðir, Tungukot, Flatartunga, Tyrfingsstaðir, Kelduland, Laugar- dalur, Héraðsdalur, Stapi, Steinsstaðir, Reykir, Vindheimar, Stokkhólmi, Þorsteins- staðir, Lýtingsstaðir, Tunguhlíð, Teigakot, Tunguháls, Vallanes, Villinganes, Vellir, Sólvellir, Syðri-Húsabakki, Ytri-Húsabakki, Stóra-Gröf syðri, Stóra-Gröf ytri, Reyni- staður, Ögmundarstaðir, Pyttagerði I, Pyttagerði II, Grænhóll, Sjávarborg I, Sjávar- borg II, Sjávarborg III, Víkurpartur.

Stefnt skal að sameiningu Húseyjarkvíslardeildar og Svartárdeildar svo fljótt, sem efni standa til.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt á félagssvæðinu, og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 11 menn og jafnmargir til vara. Hver deild skal tilnefna einn aðalmann og annan til vara til tveggja ára í senn. Þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður gelur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn síðastliðin tvö ár.

Aðalfundur kýs tvo aðalendurskoðendur og tvo til vara til tveggja ára í senn, þannig að annar vara- og annar aðalendurskoðandi verði kosnir árlega.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum þess, nema stjórnin kjósi til þess annan mann.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Þar skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar aðalfundur um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gjörðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í hlutfalli við töku arðs. Félagsgjöld skal ákveða á aðalfundi fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Stjórn deilda skipa þrír eða fimm menn, og eru þeir kosnir á aðalfundi deildarinnar til tveggja ára í senn. Þar skal einnig kjósa tvo varamenn til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarmenn ganga út eftir hlutkesti fyrstu tvö árin. Á aðalfundi skal kjósa fulltrúa deilda í aðalstjórn.

10. gr.

Stjórnir deilda hafa á hendi allar framkvæmdir þeirra milli aðalfunda. Sömu reglur gilda um stjórn þeirra og um stjórn félagsins sbr. 5. gr. Óheimilt er öllum að veiða á veiðisvæði deildarinnar, nema með sérstöku skriflegu leyfi deildarstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

11. gr.

Aðalfund deilda skal halda eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Um boðun hans skal fara á sama hátt og um boðun funda í veiðifélaginu. Sama gildir um aukafundi. Sbr. 56. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

12. gr.

Á aðalfundi deilda skal ákveðið, hvernig ráðstafa skal veiði á deildarsvæðinu, enda hafi félagsmenn ekki fyrir lok janúar komið með ósk um að ráðstafa veiðinni sjálfir. Ákvörðun deildar í þessu efni er háð samþykki aðalfundar félagsins.

Vanræki deild að ráðstafa veiði eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein, er stjórn félagsins heimilt að leigja veiðina einstökum mönnum eða félögum, en þó ekki til lengri tíma en eins árs í senn. Ef deila ris milli stjórnar deilda og félagsstjórnar má vísa málinu til aðalfundar félagsins til úrskurðar.

13. gr.

Reikningsár deilda er hið sama og félagsins, og ber að haga reikningshaldi, skráningu fundargerða o. fl. á sama hátt og ákveðið er í 7. gr.

14. gr.

Verkefni deilda er að sjá um skiptingu á veiði, leigja út veiði, innheimta greiðslur fyrir og skipta arði milli félagsmanna samkvæmt arðskrá félagsins. Þá skulu þær annast greiðslur til veiðifélagsins í sama hlutfalli og arður er greiddur.

Endurskoðaða reikninga deilda skal leggja fyrir aðalfund þeirra til samþykktar og síðan fyrir aðalfund í veiðifélaginu, og úrskurðar fundurinn um þá.

15. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt gildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning á þingstað í Seyluhreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 20. þ. m., og ósk hreppsnefndar Seyluhrepps, Skagafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Brautarholti að félagsheimilinu Miðgarði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.